

Reglur

fyrir

umsjónarmenn hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

76
10. okt.

1. gr.

Umsjónarmenn úr flokki nemenda eru þessir: Aðalumsjónarmaður (inspector scholae), umsjónarmenn inni við og úti við, einn umsjónarmaður í hverjum bekk.

2. gr.

Aðalumsjónarmaður skal vera milligöngumaður milli nemenda annars vegar og rektors og kennara hins vegar. Hann stýrir skólafundum og sjer um, að alt fari þar fram með góðri reglu.

3. gr.

Umsjónarmenn inni við skulu aðstoða kennara við umsjón í göngum og sjá um, að nemendur fari út úr bekkjunum í þeim 10 mínútum, sem þeir hafa sjer til hressingar milli kenstunda, og sjeu allan þann tíma úti undir beru lofti, ef veður leyfir, og fari síðan hver í sinn bekk, þegar hringt er til inn-göngu. Einn af þessum umsjónarmönnum skal hringja skólaljöllunni í rjettan tíma. Umsjónarmaður úti við skal, ásamt öðrum umsjónarmönnum, hafa eftirlit með nemendum úti, þegar veður leyfir útivist, og gæta þess, að enginn skemmi neitt, sem skólinn á, eða fremji aðra óreglu á skólans lóð.

4. gr.

Umsjónarmenn bekkjanna eiga hver í sínum bekk að sjá um, að nemendur hafi ekki neinn hávaða eða áflog í bekkjunum, nje færi neitt úr lagi eða fremji neina óreglu, nje heldur skemmi neitt af skólans munum, hverju nafni sem nefnist, eða hver fyrir öðrum.

Þeir skulu segja til, hvaða nemendur vantar í bekkinn, þegar kenstundir byrja. Þá skulu þeir og annast um, að krít og svampur sjeu ávalt í bekkjunum handa kennurunum og blek í byttum handa nemendum. Sömuleiðis skulu þeir sjá um, að stundatafla bekkjarins sje upp fest í bekknum.

5. gr.

Allir skulu umsjónarmenn styrkja hver annan til að viðhalda góðri reglu í skólanum og utan skóla og leggjast allir á eitt með kennurunum í því.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. oktbr. 1922.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.